

Haust- og vetrarleiga 2020-2021

Mikil aðsókn er í húsin yfir vetrartímamann, sérstaklega í hús sem eru stutt frá höfuðborgarsvæðinu. Það er venjulega fullbókað um helgar u.þ.b. mánuð fram í tímann, þannig að nauðsynlegt er að bóka tímanlega til að fá bústað á þeim tíma sem hentar.

Vetrartímabilið er frá 28. ágúst 2020 til 28. maí 2021. Þá er hægt að bóka bæði helgar- og vikuleigu. Þó er aðeins vikuleiga í boði yfir hátíðarnar, þ.e. jól og áramót, og svo páska. Jóla- og áramótavikurnar í ár eru annars vegar 22.12. – 29.12. 2020 og hins vegar 29.12. 2020 – 05.01. 2021. Bókanir fyrir jól og áramót hefjast 10. september. Aðeins er hægt að velja annað hvort jóla- eða áramótaviku.

Athugið að nú verður opnað fyrir bókanir yfir vetrartímamann í tveimur skrefum.

Opnað verður fyrir bókanir í vetrarleigu fram að jólum þann 18. ágúst kl. 8:15. Opnað verður fyrir bókanir eftir áramót, fyrir tímabilið 5. janúar til 28. maí 2021, þann 2. nóvember kl. 8:15. Athugið að páskar eru undanskildir þar sem sækja þarf um sérstaklega og hefst umsóknartímabilið í byrjun febrúar og verður úthlutað í samræmi punktafjölda umsækjanda.

Helgarleiga er þrjár sólarhringar, annað hvort frá fimmtudegi til sunnudags eða föstudegi til mánudags. Ekki eru dregnir frá punktar í vetrarleigu, að undanskildum páskum. Punktar dragast aðeins frá á þegar leigt er á sumrin og yfir páska.

Hvernig skal bóka hús?

Á veturna er bókað beint á bókunarvefnum eða á skrifstofu og má hver félagsmaður bóka einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót.

Hægt er að skrá sig inn á bókunarvefinn sem er á heimasíðunni, www.efling.is, með rafrænum skilríkjum eða lykilorði og bóka þar beint/(rafrænt). Einnig er hægt að bóka símleiðis á skrifstofu félagsins í síma 510-7500, eða senda fyrirspurnir á orlof@efling.is.

Leiðbeiningar:

Inn á bókunarvefnum er farið í flipann „orlofshús“ og svo „laus orlofshús“ Þá birtist yfirlitsmynd yfir öll orlofshúsin sem sýnir aðeins þrjár vikur fram í tímann og passa þarf að velja það tímabil á yfirlitsmyndinni sem á að bóka (með örvunum fyrir ofan hana). Veljið svo hús með því að fara í flettigluggann fyrir ofan yfirlitsmyndina.

Það er aðeins hægt að bóka hvíta reiti. Ljósulir reitir sýna leigutímabil sem eru lokað - áður en leigutímabil eru opnað eru reitirnir ljósulir en verða hvítir þegar búið er að opna og hægt að bóka hús. Athugið að það eru ekki öll húsin í útleigu yfir vetrartímamann og það sem er appelsíngult er ekki hægt að bóka.

Nánari upplýsingar um húsin má sjá á heimasíðu Eflingar
www.efling.is/sumarhus

Eftirtalin orlofshús og íbúðir eru í boði yfir vetrartímamann:

	Vikuverð	Helgarverð	
Hvammur í Skorradal	1 hús	32.000,-	23.500,-
Skarð í Borgarfirði / Heitur pottur	1 hús	32.000,-	23.500,-
Svignaskarð í Borgarfirði / Heitur pottur	6 hús	26.000,-	16.000,-
Svignaskarð í Borgarfirði /Stærra hús / Heitur pottur	10 hús	28.000,-	19.000,-
Stykkishólmur / Raðhús m. potti	1 hús	28.000,-	19.000,-
Hólmavík	1 hús	26.000,-	16.000,-
Íbúðir á Akureyri	4 íbúðir	26.000,-	16.000,-
Raðhús á Akureyri	3 hús	28.000,-	19.000,-
Kirkjubæjarklaustur	2 hús	21.000,-	13.000,-
Úthlíð í Biskupstungum / Heitur pottur	2 hús	26.000,-	16.000,-
Brekkuskógur stærri hús/ Heitur pottur	3 hús	28.000,-	19.000,-
Stóra Fljót/ Heitur pottur		32.000,-	23.500,-
Ölfusborgir / Heitur pottur	10 hús	26.000,-	16.000,-
Hellishólar Fljótshlíð	1 hús	28.000,-	19.000,-
Vestmannaeyjar	1 hús	26.000,-	16.000,-
Hveragerði íbúð	1 hús	26.000,-	16.000,-

Bein leiga hjá umsjónarmanni á staðnum:

Frá 1. sept.	Illugastaðir / Heitur pottur	2 hús	sími: 462 6199
Frá 1. okt.	Einarsstaðir / Heitur pottur	3 hús	sími: 861 8310